

Alþingi, nefndarsvið  
Kirkjustræti  
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 14. mars 2013 R2013030020  
T-ums 04/13

**Alþingi**  
**Erindi nr. P 141/1944**  
**komudagur 14.3.2013**

**Umsögn ríkisskattstjóra um frumvarp til laga um Lánasjóð íslenskra námsmanna  
- 630. mál, þskj. 1096.**

Ríkisskattstjóri hefur þann 11. mars 2013 móttekið tölvupóst þar sem embættinu er gefinn kostur á að veita umsögn um ofangreint frumvarp.

Með frumvarpinu er lagt til að sett verði ný heildarlöggjöf um Lánasjóð íslenskra námsmanna.

Ákvæði 4. mgr. 10. gr. frumvarpsins er svohljóðandi:

„Ríkisskattstjóra er **skyllt** að láta Lánasjóði í té upplýsingar sem nauðsynlegar eru við framkvæmd laga þessara.“ (feitletrað hér)

Í athugasemdum við ákvæðið kemur fram að það sé samhljóða 14. gr. núgildandi laga, sem tóku við af lögum nr. 72/1982.

Ríkisskattstjóri telur að orðalag umrædds ákvæðis sé mjög vítt og afdráttarlaust og því ákaflega óheppilegt. Gera verður greinarmun á því, hvort stjórnvald hafi almennt eftirlitshlutverk í þjóðfélaginu eða einungis afmarkað hlutverk, þegar lögð er upplýsingaskylda á einstaka tilgreinda aðila eða almennt. Tilgangur gagnasöfnunar ríkisskattstjóra, sem er ein umfangsmesta gagnasöfnun á landinu, er til að tryggja rétta álagningu opinberra gjalda og annarra skatta sem ríkisskattstjóra er falið að leggja á. Gögn sem afhent eru ríkisskattstjóra í þessum tilvikum eru háð ríkri þagnarskyldu sbr. m.a. 117. gr. tekjuskattslaga.

Þrátt fyrir að réttur Lánasjóðs íslenskra námsmanna til að krefjast upplýsinga sé takmarkaður við ríkisskattstjóra, þá verður að hafa það í huga að um er að ræða aðgang að upplýsingum úr mesta rauntíma gagnasafni landsins og að gögn þessi hafa verið afhent ríkisskattstjóra í trúnaði og í þeim tilgangi að tryggja rétta skattlagningu.

Ríkisskattstjóri hefur ekki kannað sérstaklega uppruna þessa ákvæðis en svo virðist sem það komi fyrst inn sem 14. gr. laga nr. 72/1982. Í athugasemdum í frumvarpi því sem varð að lögum nr. 72/1982 segir að ákvæðið þarfnist ekki skýringa. Óljóst er því með öllu, hvert markmiðið var með svo rúmu orðalagi og telja verður að tilefni sé til þess að endurmeta, hvort þær ástæður og aðstæður séu til staðar í dag, sem réttlæti að lánasjóðurinn eigi rétt á því að kalla, að því er virðist án takmarkana eftir trúnaðarupplýsingum, sem koma fram í skattgögnum allra skattaðila, manna og lögaðila. Benda má á að á grundvelli ákvæðis þess,


sem hér um ræðir fékk skattstjóri á sínum tíma beiðni frá innheimtulögmanni um að láta af hendi tekju- og eignaupplýsingar skattaðila sem var ábyrgðaraðili á námsláni. Brýnt er því að orðalag þetta verði endurskoðað og þrengt þannig að ekki verði unnt að líta svo á að um opna heimild sé að ræða til að skylda ríkisskattstjóra til að láta í té upplýsingar úr skattagögnum um hvern sem er og án tilgreiningar á því af hvaða ástæðum lánasjóðurinn telur upplýsingar þessar nauðsynlegar.

Samkvæmt framansögðu leggur ríkisskattstjóri til að forsendur fyrir ákvæðinu verði endurmetnar og annað hvort verði það fellt niður eða þrengt verulega t.d. þannig að Lánasjóði íslenskra námsmanna verði einungis **heimilað** að kalla eftir upplýsingum með eða án samþykkis væntanlega lántakenda með hliðsjón af ákvörðun endurgreiðslu láns, sbr. 3. mgr. 14. gr., sbr. og 16. gr. frumvarpsins og afhending upplýsinga sæti þá mati ríkisskattstjóra skv. þagnarskylduákvæði 117. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt.

Um önnur atriði frumvarpsins gerir ríkisskattstjóri ekki athugasemdir að minnsta kosti að svo komnu máli.

Virðingarfyllst

  
Skúli Eggert Þórðarson

  
Guðrún J. Jónsdóttir